

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar hefur, í samræmi við 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd bæjarins:

1. Að leyfilegur hámarkshraði í Hólabraut, Laxagötu, Smáragötu, Geislagötu, Bankastíg og Túngötu milli Gránufélagsgötu og Bankastígs verði 30 km/klst.
2. Að leyfilegur hámarkshraði í Merkgíli verði 30 km/klst.

Auglýsing þessi tekur gildi við birtingu.

F.h. Akureyrarbæjar, 7. desember 2022,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 21. desember 2022